
Skýrsla um starfsemi
yfirkattanevndar
á árinu 2011

1. Hlutverk yfirskattanefndar

Yfirskattanefnd starfar samkvæmt lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum, og öðrum lögum þar sem kveðið er á um verkefni og skyldur nefndarinnar.

Yfirskattanefnd er æðsti úrskurðaraðili innan stjórnarsýslunnar í þeim málum sem í valdsvið hennar eru lögð. Ákvörðunum nefndarinnar verður því ekki skotið til fjármálaráðherra eða annars aðila innan stjórnarsýslunnar.

Verkefnum yfirskattanefndar má skipta í þrjá flokka:

- Úrskurðarvald yfirskattanefndar tekur í fyrsta lagi til kærumála vegna ákvarðana ríkisskattstjóra um skatta og skattstofna, svo og vegna annarra ákvarðana ríkisskattstjóra, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Meðal annars úrskurðar yfirskattanefnd um kærur vegna bindandi álita sem ríkisskattstjóri lætur uppi samkvæmt lögum um bindandi álit í skattamálum. Einnig eru sektarákvarðanir ársreikningaskrár vegna vanrækslu á að standa skil á ársreikningi til opinberrar birtingar kærnanlegar til yfirskattanefndar. Ríkisskattstjóri kemur fram gagnvart yfirskattanefnd fyrir hönd gjaldkrefjenda í þessum málum.
- Í öðru lagi hefur yfirskattanefnd með höndum ákvörðun sekta m.a. samkvæmt lögum um tekjuskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt, svo og ákvörðun sekta samkvæmt lögum um bókhald og lögum um ársreikninga, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Skattransóknarstjóri ríkisins er kröfuaðili í sektarmálum.
- Í þriðja lagi úrskurðar yfirskattanefnd í ágreiningsmálum vegna ákvarðana sýslumanna um erfðafjárskatt, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um erfðafjárskatt.

2. Tölulegar upplýsingar

2.1. Kærur og önnur mál til yfirskattanefndar árið 2011

Í ársbyrjun 2011 voru 309 mál til meðferðar hjá yfirskattanefnd, en þar af lágu málgögn og eftir atvikum kröfugerð ríkisskattstjóra fyrir í 251 málum sem voru þannig tilbúin til meðferðar.

Á árinu 2011 bárust yfirskattanefnd 638 mál til meðferðar. Þar af voru 599 kærur frá skattaðilum vegna ákvarðana ríkisskattstjóra eða sýslumanns, en sektarmál frá skattrannsóknarstjóra ríkisins voru 39 talsins. Er þetta umtalsverð aukning miðað við fyrri ár. Þetta kemur nánar fram í eftirfarandi yfirliti:

Tafla 1. Ný mál á árunum 2006–2011.

	2006	2007	2008	2009	2010	Meðaltal 2006-2010	2011
Kærur	335	301	227	379	362		599
Sektarmál	54	48	83	75	28		39
Samtals	389	349	310	454	390	378	638

2.2. Afgreidd mál árið 2011

Á árinu 2011 kvað yfirskattanefnd upp 425 úrskurði. Þá lauk 15 málum með öðrum hætti, oftast þannig að kærandi afturkallaði kæru sína. Samtals voru því afgreidd 440 mál hjá yfirskattanefnd árið 2011. Er það allnokkuð fleiri mál en afgreidd hafa verið að jafnaði á fimm síðustu árum. Eftirfarandi yfirlit sýnir þetta nánar:

Tafla 2. Afgreidd mál á árunum 2006–2011.

	2006	2007	2008	2009	2010	Meðaltal 2006-2010	2011
Úrskurðir							
– kærumál	342	300	261	265	333		378
– sektarmál	87	52	50	76	84		47
Annað	15	9	1	9	8		15
Samtals	435	361	312	350	425	377	440

Í eftirfarandi töflu er gerð frekari grein fyrir afgreiðslu mála hjá yfirskattanefnd árið 2011. Kemur þar fram móttökuár þeirra mála sem afgreidd voru á árinu.

Tafla 3. Afgreidd mál á árinu 2011.

Komuár	Mál til meðferðar 1.1.2011	Ný mál á árinu	Úrskurðir	Önnur málalok	Samtals afgreidd mál	Ólokið 31.12. 2011
2009	62		62		62	
2010	247		228		228	19
2011		638	135	15	150	488
Samtals	309	638	425	15	440	507

Eins og taflan ber með sér voru í upphafi ársins 2011 óafgreidd 62 mál sem þá höfðu verið lengur en eitt ár til meðferðar hjá yfirskattanefnd. Þarf að leita allt aftur til ársins 1987 til að finna sambærilega tölu. Úrskurðað var í öllum þessum málum á árinu. Þá lauk á árinu meðferð allra mála frá árinu 2010 að 19 málum undanskildum. Tæplega fjórðungur mála sem bárust á árinu 2011 var afgreiddur á sama ári.

2.3. Niðurstöður mála

Í töflu 4 kemur fram skipting úrskurða yfirskattanefndar árið 2011, annarra en úrskurða í sektarmálum, eftir því hvort úrskurður leiddi til lækkunar gjalda eða ekki. Í fyrri flokkinn eru taldir úrskurðir þar sem krafa er tekin til greina að hluta eða öllu leyti eða skattákvörðun er felld úr gildi, þ.e. úrskurður leiðir til breytinga á skattstofnum, þ.m.t. yfirfæranlegu tapi. Í síðari flokkinn eru taldir úrskurðir sem staðfesta kærða skattákvörðun (kröfu kæranda hafnað að öllu leyti), en einnig falla hér undir mál sem vísað er frá yfirskattanefnd, m.a. sökum þess að kæra berst að liðnum kærufresti, svo og mál sem vísað er til ríkisskattstjóra til uppkvaðningar úrskurðar að nýju, sbr. 12. gr. laga um yfirskattanefnd. Til samanburðar eru tölur tveggja fyrri ára.


Þá er í töflunni hliðstæð flokkun úrskurða yfirskattanefndar um skattsektir, þ.e. hvort sekt var ákvörðuð eða ekki. Í síðari flokkinn falla m.a. sektarmál sem vísað var frá nefndinni af ýmsum ástæðum.

Tafla 4. Niðurstöður úrskurða árin 2009, 2010 og 2011.

Ár	Kærumál			Skattsektarmál		
	Fjöldi úrskurða	Lækkun gjalda	Önnur niðurstaða	Fjöldi úrskurða	Sekt	Ekki sekt
Árið 2009	265	114 (43%)	151 (57%)	76	56	20
Árið 2010	333	149 (45%)	184 (55%)	84	77	7
Árið 2011	378	158 (42%)	220 (58%)	47	37	10

Á mynd 1 er að finna samanburð yfir lengra tímabil, þ.e. frá árunum 2006–2011, um hlutfallslega skiptingu úrskurða í kærumálum eftir því hvort niðurstaða fól í sér lækkun gjalda eða aðra niðurstöðu, sbr. skýringar að framan.

Mynd 1. Niðurstöður úrskurða í kærumálum 2006–2011.



2.4. Gjaldabreytingar yfirskattanefndar


Í töflu 5 er að finna yfirlit um gjaldabreytingar sem leitt hafa af úrskurðum yfirskattanefndar á árinu 2011 og nefndin hefur tilkynnt til innheimtumanns. Breytingar á yfirferanlegu tapi eru ekki taldar til gjaldabreytinga í þessu sambandi. Jafnframt koma fram í töflunni fjárhæðir ákvarðaðra skattsekta það ár og málskostnaðar sem úrskurðaður hefur verið til greiðslu úr ríkissjóði.

Tafla 5. Yfirlit um gjaldabreytingar, skattsektir og málskostnað samkvæmt úrskurðum yfirskattanefndar árið 2011.

	Árið 2011
Tekjuskattur og önnur gjöld til ríkissjóðs sem lögð eru á samhliða álagningu tekjuskatts, þ.m.t. hækkun frádráttarliða (barnabætur, vaxtabætur o.fl.)	-852.798.992
Útsvar	-126.297.017
Virðisaukaskattur, þ.m.t. álag	-115.208.053
Alls lækkun gjalda	-1.094.304.062
Skattsektir (mál frá SRS)	239.055.000
Málskostnaður úr ríkissjóði	5.266.000

Á mynd 2 er að finna yfirlit um fjárhæð gjaldabreytinga (lækkun skatta og gjalda) samkvæmt úrskurðum yfirskattanefndar á árunum 2006–2011 svo og um skattsektir sem ákvarðaðar hafa verið á sama tímabili. Almennt hafa fjárhæðir hækkað umfram verðlagsbreytingar sem verður að telja að gefi til kynna aukið umfang mála.

Mynd 2. Gjaldabreytingar og sektarfjárhæðir árin 2006–2011.




3.5. Mál til meðferðar í árslok 2011

Í árslok 2011 voru 507 mál til meðferðar hjá yfirkattanevnd. Þar af voru 108 mál til umsagnar hjá embætti ríkisskattstjóra og þrjár ófullnægjandi kærur lágu fyrir, en 396 mál voru tilbúið til meðferðar fyrir nefndinni.

Á mynd 3 er að finna yfirlit um mál sem til meðferðar voru í árslok 2006–2011, sundurliðað eftir því hversu lengi mál hafði beðið afgreiðslu.

Mynd 3. Mál til meðferðar í árslok 2006–2011, sundurliðað eftir aldri.




3.6. Málsmeðferðartími

Samkvæmt lögum um yfirkattanevnd er hámarksfrestur nefndarinnar til að úrskurða kærur 7,5 mánuðir. Á mynd 4 er gerð grein fyrir málsmeðferðartíma eins og hann reiknast í árslok árin 2006–2011. Málsmeðferðartími er hér miðaður við hlutfall

óafgreiddra mála í árslok af fjölda afgreiddra mála á árinu (veltuhraði óafgreiddra mála í árslok). Málsmeðferðartími reiknast 8,4 mánuðir í lok ársins 2011, en var 8,7 mánuðir í lok árs 2010.

Mynd 4. Málsmeðferðartími í árslok árin 2006–2011, reiknaður í mánuðum.



3. Nefndarmenn og starfsmenn

Í yfirskattanefnd skulu eiga sæti sex menn, þar af fjórir sem hafa starfið að aðalstarfi. Fjármálaráðherra skipar nefndarmenn til starfa til sex ára í senn. Í fyrsta sinn við skipun nefndarinnar, þ.e. 1. júlí 1992, voru tveir menn skipaðir til tveggja ára, tveir til fjögurra ára og tveir til sex ára.

Þær breytingar urðu á skipan yfirskattanefndar á árinu 2011 að Valdimar Guðnason lét hinn 30. september af starfi nefndarmanns í hlutastarfi sem hann hafði gegnt frá október 2008. Nefndarmaður var ekki skipaður í hans stað á árinu.

Nefndarmenn, sem höfðu starfið að aðalstarfi á árinu 2011, voru:

- Anna Dóra Helgadóttir, lögfræðingur
- Gylfi Knudsen, lögfræðingur, varaformaður yfirskattanefndar
- Ólafur Ólafsson, lögfræðingur, formaður yfirskattanefndar
- Sverrir Örn Björnsson, lögfræðingur.

Nefndarmenn í hlutastarfi á árinu 2011 voru:

- Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi.
- Valdimar Guðnason, löggiltur endurskoðandi (til 30. september)

Júlíus Smári, lögfræðingur, gegndi starfi skrifstofustjóra yfirskattanefndar. Auk hans og þeirra nefndarmanna, er hafa starfið að aðalstarfi, voru meginhluta ársins 2011 fimm starfsmenn hjá yfirskattanefnd. Ársverk voru alls u.þ.b. 10,4 en voru 10,6 á fyrra ári og var að því leyti óveruleg breyting milli ára.

4. Útdráttur úr ársreikningi fyrir árið 2011

Rekstrarreikningur árið 2011

	2011	2010
Tekjur		
Sértekjur	680.952	0
	<u>680.952</u>	<u>0</u>
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	89.432.040	83.742.401
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.176.040	2.436.163
Funda- og ferðakostnaður	531.819	592.904
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	1.679.131	2.436.994
Annar rekstrarkostnaður	534.198	630.876
Húsnæðiskostnaður	25.150.792	23.964.528
	<u>118.504.020</u>	<u>113.803.866</u>
Eignakaup	0	0
	<u>118.504.020</u>	<u>113.803.866</u>
Tekjur umfram gjöld	(117.823.068)	(113.803.866)
Framlag úr ríkissjóði	<u>114.500.000</u>	<u>117.300.000</u>
Hagnaður/tap ársins	<u>(3.323.068)</u>	<u>3.496.134</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	2011	2010
Eignir		
Veltufjármunir		
Ríkissjóður	13.526.023	24.647.257
Viðskiptakröfur	441.877	428.870
Handbært fé	225.949	6.256
Veltufjármunir	<u>14.193.849</u>	<u>25.082.383</u>
Eignir alls	<u>14.193.849</u>	<u>25.082.383</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Höfuðstóll:		
Höfuðstóll í ársbyrjun	24.501.479	21.005.345
Breyting v/lokafjárlaga	(7.871.479)	0
Hagnaður/tap ársins	(3.323.068)	3.496.134
Eigið fé	<u>13.306.932</u>	<u>24.501.479</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	<u>886.917</u>	<u>580.904</u>
Skuldir	<u>886.917</u>	<u>580.904</u>
Eigið fé og skuldir	<u>14.193.849</u>	<u>25.082.383</u>